

## Samningur um dvöl barns hjá dagforeldri

Sveitarfélagið Hornafjörður skuldbindur sig til að greiða mánaðarlegt framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri í 11 mánuði á ári, í samræmi við reglur um daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra í sveitarfélaginu. Foreldrar undirrita dvalarsamninginn hjá dagforeldri.

Dvalarsamningur þessi byggir á reglum um daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra í sveitarfélaginu og eru reglurnar hafðar að leiðarljósi í starfsemi dagforeldra. Aðilar eru sammála um að reglurnar gildi um dvöl barnsins hjá dagforeldri og skulu þær kynntar foreldrum og afhentar **áður en dvalarsamningur er undirritaður**.

Dvalarsamningur er gerður á grundvelli eftirfarandi skilyrða:

1. Að lögheimili foreldris og föst búseta séu í Sveitarfélaginu Hornafirði.
2. Greiðslur geta hafist í þeim mánuði sem barn verður 12 mánaða en níu mánaða hjá einstæðu foreldri.
3. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
4. Að barnið sé slysatryggt.

Nafn barns:	Kennitala:
Heimili:	

Nafn forráðamanns 1:	Heimasími	Farsími	Vinnusími
Kennitala:	Netfang:		
Nafn forráðamanns 2:	Heimasími	Farsími	Vinnusími
Kennitala:	Netfang:		

Hjúskaparstaða forráðamanns:	gift/sambúð <input type="checkbox"/>	einstæður <input type="checkbox"/>
------------------------------	--------------------------------------	------------------------------------

Nafn dagforeldris:	Kennitala:	Sími:
Heimili:	Netfang dagforeldris:	

### Útfyllist af dagforeldri

Dvöl hefst dagsetning:	Dvalartími barns:
------------------------	-------------------

Má dagforeldri fara með barnið í einkabíl ?	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>
Má dagforeldri taka myndir af barni á dvalartíma <small>*ath. samþykki á ekki við um dreifingu myndefnis</small>	Já <input type="checkbox"/>	Nei <input type="checkbox"/>

Upphæð niðurgreiðslu er skv. reglum um niðurgreiðslu til dagforeldra <a href="https://www.hornafjordur.is/media/auglysingar/Reglur-um-nidurgreidslu-til-dagforeldra-loka.pdf">https://www.hornafjordur.is/media/auglysingar/Reglur-um-nidurgreidslu-til-dagforeldra-loka.pdf</a> og skal dagforeldri senda sveitarfélaginu reikning í hverjum mánuði.
---

Önnur ákvæði samnings og í samræmi við sameiginlegar reglur:

**Foreldrar eru hvattir til að kynna sér reglur um systkinaafslátt og framlag sveitarfélagsins vegna barna hjá dagforeldrum á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Í 8. grein segir m.a.**

- Systkinaafsláttur er samræmdur milli daggæslu í heimahúsi, leikskóla og lengdrar viðveru í Kátakoti skv. gjaldskrá Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Til að eiga rétt á systkinaafslætti þurfa börn að vera skráð á kennitölu sama greiðanda og með sameiginlegt lögheimili. Afslátturinn reiknast á elsta barnið.
- Veittur er systkinaafsláttur, 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni.
- Ef systkini eru bæði hjá dagforeldri, er greidd uppbót á niðurgreiðslu til dagforeldris sem samsvarar niðurgreiðslu á leikskóla.

Hægt er að koma óskum um systkinaafslátt fram á þessu umsóknarblaði með því að skrifa nafn og kennitölu eldri systkina hér fyrir neðan. Einnig er hægt að óska eftir systkinaafslætti í gegnum íbúagátt.

**Foreldrum hafa verið kynntar reglur um daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra í Sveitarfélaginu Hornafirði**

Dagsetning og undirskrift dagforeldris:

Dagsetning og undirskrift forráðamanns:

Staðfesting starfsmanns fræðslu- og frístundasviðs.

Dvalarsamningur er þríhliða og honum er skilað útfylltum til fræðslu- og frístundasviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þegar starfsmaður hefur undirritað samninginn er afrit sent til dagforeldra og foreldra.